

Fundargerð

122. stjórnarfundur FHA haldinn 4. febr. 2021 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir formaður, Auðbjörg Björnsdóttir, Guðmundur Kristján Óskarsson, Helgi Freyr Hafþórsson, Margrét Elísabet, Sigríður Sía Jónsdóttir og Stefán Guðnason.

Dagskrá:

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar samþykkt einróma. En og aftur sett út á skjalastjórnun ritarans. Ritarinn tekur þetta til greina. Mætti íhuga það að breyta háttum sínum.

2. Trúnaðarmál rætt.

Umræður í kringum trúnaðarmálið tekið fyrir.

3. Lagabreytingar.

Í vetur óskaði nýráðinn starfsmaður eftir því að vera tekinn inn í félagið á þeirri forsendu að hann hefði lokið háskólaprófi þó ekki hafi verið um eiginlega BSc, BA eða Bed gráðu eða sambærilegt háskólapróf heldur útskrift úr háskóla með diplómapróf. Okkar skilningur er að til að gerast félagsmaður sé nægjanlegt að hafa lokið prófi frá viðurkenndum háskóla. Ákveðið var að skoða lög félagsins og gera breytingar ef þörf krefur og leggja fyrir næsta aðalfund.

4. Vinnumatssjóður og ársmatssjóður.

Vinnumatssjóðurinn og ársmatssjóður eru til umræðu hjá samstarfsnefndinni. Í nóvember var óskað eftir gögnum til að skoða málið almennilega. Gert er ráð fyrir að funda síðar í þessum mánuði en þó hafa engin gögn borist ennþá.

5. Önnur mál:

- a. SSJ spurði um hvernig fulltrúi FHA í Öryggisnefnd hafi verið valinn síðasta sumar. Guðmundur, starfandi formaður vegna veikinda formanns á þeim tíma svaraði því til að fyrrverandi öryggisfulltrúi hafði ekki áhuga á að starfs áfram og þá hafði hann haft samband við Nönnu Ýr Arnardóttur sem samþykkti að vera okkar fulltrúi í Öryggisnefnd FHA. Umræða varð um hvernig skipa eigi í slíka nefnd og komu fram sjónarmið að rétt væri að fulltrúi FHA kæmi úr röðum starfsmanna úr heilbrigðisdeild.
- b. Heimasíða, ábending varðandi það hvernig félagsmenn raðast í launaflokka. Svo virðist sem ekki allir átti sig á því að stigmatöflurnar séu í stofnanasamningnum. Athuga má hvort hægt sé að gera þetta skýrara á heimasíðu félagsins.
- c. Spurt var um stjórnendaskyldu akademískra starfsmanna, skilgreiningu og skráningu. Á sínum tíma var farið í þá vinnu að kalla eftir öllum nefndum sem til staðar voru hjá sviðunum í því augnamiði að áætla stjórnunarskylduna og samræma hvaða nefndir skyldu falla undir hana. Sú vinna fór í raun ekkert lengra þar sem ekki bárust upplýsingar frá öllum sviðum skólans. Búið var að ræða við yfirstjórn um skráningu á stjórnun en ekki gengið frá formlega. Hjördís setur það skjal inn á svæði stjórnar FHA í Teams.
- d. Varðandi trúnaðarmenn, Hjördís ætlar að græja skjöl og leiðbeiningar frá BHM fyrir stjórn FHA sem hún setur inná Teams.
- e. Efni fyrir næsta fund, höfundaréttur á upptökum og námskeiðum.

Fundi slitið kl 12:50

Stefán Guðnason



Auðbjörg Björnsdóttir tók við fundarstjórn þegar Stefán vék af fundi eftir 3 lið.